

Ed.

309. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem leyft er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

2. másl. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna, svo og um sölu á öðrum vörutegundum, sem inn eru fluttar eða framleiddar hér og lög þessi ná til.

3. gr.

Síðasti másl. 4. gr. laganna, „Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín né ómengaðan spiritus“, falli niður.

4. gr.

Fyrri másl. fyrri málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af vörugæðum og áfengisstyrkleika, þegar um áfengi er að ræða.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verzlunin skal jafnan hafa forða í Reykjavík af vörum þeim, er um ræðir í 1. gr. Viðskiptamenn verzlunarinnar greiði flutningskostnað á vörunum innanlands.

6. gr.

Á eftir orðunum „inn eru fluttar“ í 12. gr. laganna komi: eða framleiddar.

7. gr.

Þeim, sem birgðir eiga af vörum, er ríkið með lögum þessum öðlast einkarétt til að framleiða eða flytja inn, skal skylt að gefa áfengisverzlun ríkisins skýrslu um birgðir sínar þegar lögin öðlast gildi, og ennfremur skal þeim skylt að afhenda henni birgðir sínar, ef hún æskir þess, fyrir matsverð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.